***BORGARRÁÐ 24. nóvember 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um boðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu - MSS22110209***

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu komi á fund borgarráðs í næstu viku til að ræða fjölgun ofbeldisglæpa í Reykjavík að undanförnu. Ræða þarf leiðir til að stemma stigu við þessari öfugþróun, t.d. með því að efla löggæslu og auka samstarf milli lögreglunnar og Reykjavíkurborgar í löggæslumálum.